

Félags- og menningarmálanefnd, fundur nr. 16

Dags. 3.12.2007

## **16. Fundur félagsmálanefndar Þingeyjarsveitar**

Haldinn 3. desember 2007

Mætt voru Þórsteinn Rúnar Þórsteinsson, Agnes Þórun Guðbergsdóttir, Hlöðver P. Hlöðversson, Jón Óskarsson og Arnór Benónýsson sem ritaði fundargerð. Auk þeirra sátu fundinn Sveitarstjóri Sigbjörn Gunnarsson og Kristján I. Jóhannesson launafulltrúi.

### **1. Fundarsetning.**

Formaður Jón Óskarsson setti fund kl 16:00 og bauð Agnesi velkomna til starfa sem aðalfulltrúa í nefndinni.

### **2. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2008.**

Félagssþjónusta: Farið yfir fjárhagsáætlunina fyrir komandi ár Lagt til að miðað við stöðuna og breyttar forsendur megi útgjöld við félagslega heimaþjónustu lækka. Lagt til að breyta nafni á lykli vegna framlags til dvalarheimilisins Hvamms og hækka framlag til þessa liðar.

Menningarmál: Nefndin leggur til að gagngerð endurskoðun fari fram á starfsemi bókasafnanna í sveitarfélaginu með það að markmiði að skrá bókakost safnanna og auka millisafnalán á milli þeirra. Hvetur nefndin til að þessi þjónusta verði auglýst meira en nú er. Framtíðarmarkmiðið er að álitni nefndarinnar að söfnin verði gerð að einni stofnun. Leggur nefndin til að til þessarar endurskoðunar og skráningar verði áætlaðar 2.000.000 í fjárhagsáætlun næsta árs. Málefni félagsheimila; þar leggur nefndin áherslu á að samþykkt verði gjaldskrá sem gildi fyrir öll félagsheimilin. Jafnframt verði eignarhaldi á félagsheimilunum komið á hreint svo hægt verði að móta framtíðarstefnu í málefnum þeirra.

Æskulýðs-og íþróttamál: Hækka þarf niðurstöðutölu fyrir vallahús Laugum. Nefndin leggur áherslu á að haldið sé vel utanum talningu gesta í sundlaugina á Laugum til að auðvelda stefnumótun. Samþykkt að ganga frá eignaskiptum á íþróttasvæðinu á Laugum í upphafi næsta árs. Nefndin er sammála um að niðurstöðutölur í fjárhagsáætlun séu ásætanlegar.

### **3. Gjaldskrá vegna heimaþjónustu:**

Jón lagði fram hugmyndir sínar um önnur tekjuviðmið í gjaldskránni. Samþykkt að vinna málið áfram.

### **4. Önnur mál.**

- a) Gjaldskrá sundlaugarinnar á Laugum lögð fram til kynningar.
- b) Bréf frá sveitarstjóra til notenda heimaþjónustu lagt fram til kynningar.
- c) Leiðbeiningar til heimila sem njóta heimaþjónustu frá Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga lagðar fram til kynningar.
- d) Leiðbeiningar og starfsreglur fyrir starfsfólk í heimaþjónustu hjá Þingeyjarsveit, lagðar fram til kynningar.
- e) Bréf frá Freydísi Jónu Freysteinsdóttur félagsmálastjóra um framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum lagt fram.

**f)** Bréf frá Aðalbjörgu Pálsdóttur formanni félags eldri borgara í Þingeyjarsveit lagt fyrir fundinn. Nokkrar umræður urðu um efni bréfsins og samþykkti nefndin að leggja til að hækka framlag til félags eldri borgara í kr. 300.000 og mælast til þess að það auki starfsemi sína. Þórsteynn Rúnar hafði yfirgefið fund þegar umræður um þetta mál fóru fram.

Fundi slitið kl. Kl: 20:00